

***Borgarráð 6.12.'18: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um breytingu á reglum um afslátt af fasteignagjöldum - R18120040***

Lagt er til að reglum um afslátt af fasteignagjöldum verði breytt. Breytingin varðar skilyrði lækkunar og er lagt til að skilyrðið „að viðkomandi þurfi að eiga rétt á vaxtabótum samkvæmt B-lið 68. gr. laga nr. 90/2003 um tekju- og eignaskatt“ verði tekið út.

Greinargerð:

Lagðar eru til breytingar á reglum um afslátt af fasteignagjöldum.

Breytingin varðar skilyrði lækkunar og er lagt til að skilyrðið „að viðkomandi þurfi að eiga rétt á vaxtabótum samkvæmt B.lið 68. gr. laga nr. 90/2003 um tekju – og eignaskatt“ verði tekið út. Breytingin hefur í för með sér að umsækjandi getur engu að síður átt rétt á afslátt af fasteignagjöldum þótt hann skuldi ekki neitt. Á það skal bent að enda þótt eldri borgarar séu e.t.v. sá hópur sem skuldar minnst þá þýðir það ekki að þeir hafi nægt fé milli handanna. Þvert á móti hafa fjölmargir eldri borgarar lítið milli handanna og geta þar að leiðandi ekki leyft sér mikinn munað og sumir hafa aðeins rétt nóg til að greiða fyrir nauðsynjar.